

Fundur Öldungadeildar Læknafélags Íslands 6. nóvember 2019 að Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

Formaður ÖLÍ, Kristófer Þorleifsson, setti fundinn og kynnti fyrirlesarann, Ólaf Örn Haraldsson núverandi formann Ferðafélags Íslands, fyrrverandi þjóðgarðsvörð á Þingvöllum, mikinn útivistarmann og göngugarp sem gengið hefur á skíðum yfir þveran Grænlandsjökul og á suðurpólinn og klifið nokkur meðal hæstu fjalla heims. ÓÖH er Laugvetningur, stúdent frá ML, Bs. í landafræði og jarðfræði frá HÍ, BA í sagnfræði árið 1971 frá háskólanum í Sussex í Englandi, ráðgjafi hjá Hagvangi og síðar framkvæmdastjóri þess félags 1973 til 1985, framkvæmdastjóri Gallup á Íslandi 1988 - 1992 og síðar sjálfstætt starfandi. Þingmaður Reykvíkinga fyrir framsóknarflokkinn 1995 til 2003. Hann starfar nú sem leiðsögumaður jafnframt því að gegna formennsku FÍ.

Ólafur nefndi erindi sitt: Kóningsvegurinn og konungskoman 1907.

Faðir Friðriks áttunda lést árið 1906 og var konungur því nýr á konungsstóli. Hann þótti frjálsslyndur miðað við forvera sína. Hannes Hafstein var þá forsætisráðherra og sem slíkur ábyrgur fyrir móttökunni. Íslenskum þingmönnum hafði verið boðið til Danmerkur árið áður og mjög vel tekið á móti þeim. Nú var ekkert til sparað og glæsimeinnið Hannes Hafstein sem stóð fyrir móttökunni náði afar góðu sambandi við konung og 30 manna fylgdarlið hans. Telur Ólafur að heimsóknin hafi orðið hvati að því að Íslendingar fengu fullveldi á framhaldinu. Ólafur varpaði síðan upp skjámyndum af þeirri leið sem farið var með konung ríðandi austur Mosfellsheiði til Þingvalla og þaðan austur um að Brúarhlöðum. Má fylgja þeim "vagnfæra" vegi sem ruddur var fyrir þessa heimsókn af mönnum með skóflur, haka og járnkalla auk handanna einna. Hefur þetta verið harðsótt verk einkum í Þingvallahrauni og í skóginum austan við Laugarvatn. Veðrið lék við menn í öllu þessu ferðalagi, kampavín veitt við hverja áningu og Geysir lét svo lítið að gjósa þegar hersingin reið þar hjá. Frá Gullfossi var síðan haldið yfir Hvítá á Brúarhlöðum, niður Hreppa og Skeið að Þjórsárbrú þar sem héraðshátíð Sunnlendinga var haldin. Þaðan var síðan riðið "suður" sem kallað er, yfir Hellisheiði og staldrað við á Kolviðarhóli og komið daginn eftir til Reykjavíkur. Þótti þessi ferð hafa tekist mjög vel. Ræður konungs urðu sífellt vinsamlegri eftir því sem á ferðina leið og lét konungur falla svofelld orð undir lokin: "Látum þessa ferð tengja fast band hinnar íslensku þjóðar og hinnar dönsku þjóðar og mín". Sem sagt, þarna var fyrst opinberlega sagt af Dana hálfu að um tvær þjóðir væri að ræða. Styrkti þetta að sjálfsgöðu væntingar landans um fullveldi og í framhaldinu sjálfstæði Íslands.

Að erindi Ólafs loknu var honum þakkað fyrir skemmtilegan og fróðlegan fyrirlestur, afhent þakkarskjal og færð bókgjöf.

Fundinn sóttu 80 læknar og gestir þeirra.

Jóhannes M. Gunnarsson, fundarritari.

sími +354 8245333

email: [johannes.m.gunnarsson@gmail.com](mailto:johannes.m.gunnarsson@gmail.com)